



### **107. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 19. nóvember 2009 í Stykkishólmi**

**Mætt:** Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Þorleifur Eiríksson og Agnes Stefánsdóttir, varamaður Magnúsar A. Sigurðssonar.

**Forföll:** Kolbrún Reynisdóttir, formaður og Magnús A. Sigurðsson

**Fundarritari:** Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Varaformaður setti fund kl. 10:30.

#### **Fundargerð 106. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplésin og samþykkt.

#### **Umsókn Sverris Jakobssonar**

Sverrir er að vinna að ritun á sögu Breiðafjarðar og sækir um áframhaldandi styrkveitingu fyrir verkefnið.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd samþykkir að styrkja verkefnið fyrir árið 2009.

#### **Beiðni um umsögn vegna framkvæmda í Emburhöfða, Hvammsfirði**

Fram kemur að umrædd hús eru þegar byggð.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd gagnrýnir að hús séu byggð í eyjum á verndarsvæðinu án tilskilinna leyfa og að slík hús séu skráð í Fasteignaskrá Íslands. Ekki er hægt að taka afstöðu til beiðninnar að öðru leyti fyrr en fyrir liggja upplýsingar um náttúruminjar og fornleifar.

#### **Beiðni Orkustofnunar um umsögn um umsókn Sjávarorku ehf. um rannsóknarleyfi í Hvammsfirði**

Orkustofnun sækist eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um umsókn um rannsóknarleyfi fyrir Sjávarorku ehf. vegna sjávarfallavirkjunar í Hvammsfirði á Breiðafirði.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd mælir með því að Sjávarorku ehf. verði veitt umbeðið rannsóknaleyfi.

#### **Upplýsingaskilti við ferjuhafnir á Breiðafirði**

Farið var yfir myndirnar sem valdar hafa verið fyrir skiltið. Endanleg tillaga liggur ekki fyrir.

#### **Staða fjárhagsáætlunar fyrir árið 2009**

Farið var yfir stöðu fjárhagsáætlunar.



## Önnur mál

### **Fundur Breiðafjarðarnefndar í desember**

Ákveðið var að fundurinn verði haldinn 9. desember í Stykkishólmi.

### **Fyrirspurn frá Gunni Salbjörgu Friðriksdóttur um krossa á breiðfirskum seglbátum/skipum.**

Vísað verður á Aðalstein Valdimarsson, skipasmið á Reykhólum.

### **Selatalning á Breiðafirði**

Ásgeir Gunnar sagði frá selatalningu sem fram fór á haustdögum, sem gefur til kynna að stofninn sé í jafnvægi á sunnan- og austanverðu svæðinu

### **Umhverfissvottun Íslands**

Þorleifur lagði fram skýrsluna „Umhverfissvottun Íslands“ til kynningar. Skýrslan verður tekin fyrir á næsta fundi.

**Fundi var slitið kl. 13:30. Næsti fundur verður haldinn 9. desember 2009.**